

Mál nr. 188/2006

M

og

Vátryggingafélagið X v/vatnstjónstryggingar fasteignatryggingar

Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda sem urðu þegar skrúfað var frá vatnsslöngu sem stungið var inn um glugga á íbúð í júní 2003

Gögn.

1. Málskot móttakið 28.09. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 06.10. 2006.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M telur bótaábyrgð vera fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það vísar til þess að það vatn sem olli skemmdum hafi komið inn um opin glugga. Félagið telur það utanaðkomandi vatn sem undanþegið er ábyrgð félagsins skv. 5. tl. 2. gr. sbr. og 1. gr. vatnstjónstryggingar. Félagið telur að ekki hafi verið um ófyrirsjáanlegan, skyndilegan og óvæntan leka úr vatnsleiðslum hússins að ræða heldur ásetning.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu félagsins. Hér er um undanskilda áhættu að ræða skv. 1. gr. sbr. og 5. tl. 2. gr. vatnstjónstryggingar fasteignatryggingar.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 1. nóvember 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.